

Tillaga	A 1960/UHN
Flytjandi	Flokkahópur jafnaðarmanna
Afgreiðsla	Norræna sjálfbærminefndin

## A 1960/UHN Þingmannatillaga um stuðning við smábýli í landbúnaði

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að vinna með virkum hætti að því að styðja við þróun smábýla í landbúnaði  
að útbúa hvetjandi bækling með úrræðum sem geta stutt við þróun smábýla í landbúnaði

### Bakgrunnur

Smábýli í landbúnaði eiga undir högg að sækja. Sífelld fleiri smábýli hafa vikið fyrir stóriðnaði og hefur það margar neikvæðar afleiðingar í för með sér fyrir bæði samfélagið og umhverfið. Landbúnaður í smáum sniðum er mikilvægur fyrir líffræðilega fjölbreytni þar sem hann er yfirleitt rekinn í tómsundum eða í hlutastarfi. Á slíkum stöðum er oftast ræktuð blanda af plöntum, ávöxtum og hnotuvið, og örlítið dýrahald stundað, sem veldur litlu álagi. Þetta er andstætt einhæfum vistkerfum bæði í hefðbundinni og lífrænni ræktun, þar sem líffræðileg fjölbreytni á undir högg að sækja.

Um leið eiga smábýli þátt í að skapa og varðveita störf á svæðum þar sem annars væru fá atvinnutækifæri.

Í framtíðinni mun straumur ferðamanna hægt og bítandi snúast við, þegar fólk fer að ferðast norður yfir sumartímann frekar en suður. Þetta nefnist „loftlagstúrismi“, þegar íbúar landa í Suður-Evrópu ferðast til Norður-Evrópu og Norðurlanda til að forðast hita sem er í besta falli óþægilegur og í versta falli lífshættulegur.

Smábýli eru upplagður áfangastaður fyrir marga þessara tjaldferðalanga og gætu bæði verið umtalsverð tekjulind fyrir norrænu löndin og mögulega skapað atvinnu í dreifbýli.



Þrándheimi, 9. ágúst 2023

*Anna Vikström (S)*  
*Anna-Kristiina Mikkonen (sd)*  
*Annette Lind (S)*  
*Gunilla Carlsson (S)*  
*Heléne Björklund (S)*  
*Henrik Møller (S)*  
*Jani Kokko (sd)*  
*Johan Andersson*  
*Jorodd Asphjell (A)*  
*Karianne B. Bråthen (A)*

*Kim Aas (S)*  
*Kim Berg (sd)*  
*Malte Larsen (S)*  
*May Britt Lagesen (A)*  
*Oddný G. Harðardóttir*  
*Per-Arne Håkansson (S)*  
*Pinja Perholehto (sd)*  
*Tove Elise Madland (S)*  
*Åsa Karlsson (S)*